

Orðanefnd læknafélaganna - 106

Fundur var haldinn mánudaginn 22. apríl 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var 106. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Reynir Tómas Geirsson hafði boðað forföll. Gestur fundarins var Jón G. Snædal, öldrunarlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 105. fundar (26. febrúar 2024), sem hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- Dementia.** JHJ lagði aftur fram til umræðu grunnfærsluna frá síðasta fundi, einkum til að koma því áleiðis að heilabilun (dementia) væri heilkenni (syndrome), en ekki sérgreindur sjúkdómur. Eftir hefðbundna yfirferð og líflega umræðu voru viðbæturnar samþykktar, en einnig ákveðið að fækka óheppilegum og úreltum íslenskum samheitum í færslunni.
- Senile.** JHJ lagði fram orðalista með 17 færslum úr Íðorðasafni lækna þar sem heitið "senile" kemur fyrir í samsettum heitum. Farið var yfir listann í heild og ýmsar breytingar og viðbætur samþykktar. JHJ var falið að ganga frá einstökum færslum til birtingar í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum.
- Heiti í öldrunarlækningum.** Tekinn var fyrir aftur langur listi frá University of California San Francisco - Weill Institute for Neurosciences, sem skoðaður hafði verið á síðasta fundi og ýmsar færslur valdar til frekari umræðu til uppbyggingar á litlu íðorðasafni fyrir öldrunarlækningar. JHJ hafði fyrir fundinn gert orðalista með því að taka út tilsvareandi færslur úr Íðorðasafni lækna og setja þar inn margvíslegar lagfæringar og viðbætur, einkum í skilgreingum hugtakanna. Farið var vandlega yfir færslurnar í stafrófsröð og athugasemdir gerðar, bæði breytingar og viðbætur. Tíminn leyfði yfirferð á um það bil fjórðungi upprunalega listans. Haldið verður áfram með yfirferðina á næsta fundi.

Næsti fundur. Gert var ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 13. maí og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundi var slitið um kl. 17:40. Fundargerð ritaði JHJ.